



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 23/2011

Ákvörðun um dagsektir á Hringdu ehf. vegna Callit.is

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 24. janúar 2011, var Hestaleit ehf. bönnuð notkun fullyrðingarinnar „*The cheapest way to call global*“ fyrir þjónustu Callit.is. Bannið tók gildi fjórum vikum frá dagsetningu bréfsins. Athygli félagsins var vakin á því að skv. 4. gr. laga nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda, væri ákvörðunin kæránleg til áfrýjunarnefndar neytendamála innan fjögurra vikna.

Með tölvubréfi Hringdu ehf., dags. 1. mars 2011, var Neytendastofu tilkynnt að nafni félagsins Hestaleit ehf. hafi verið breytt í Hringdu ehf. auk þess sem heimilisfang væri breytt. Í tölvubréfinu var farið fram á endurupptöku málsins þar sem Hringdu hafði ekki borist bréf stofnunarinnar vegna málsins.

Í bréfi Neytendastofu til Hringdu, dags. 5. apríl 2011, var endurupptöku málsins hafnað enda hafi öll bréf Neytendastofu verið send á skráð lögheimili félagsins. Vakin var athygli á því að skv. 4. gr. laga nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda, væri ákvörðunin kæránleg til áfrýjunarnefndar neytendamála innan fjögurra vikna.

2.

Með tölvubréfi GlobalCall ehf., dags. 14. apríl 2011, var athygli Neytendastofu vakin á því að ekki hafði verið farið að bannákvörðun stofnunarinnar þar sem fullyrðinguna væri enn að finna á heimasíðu félagsins, callit.is, sem og í kynningarefni á sölustöðum.

Neytendastofa sendi Hringdu bréf, dags. 6. maí 2011, þar sem félaginu var gefinn kostur á að koma að skýringum eða athugasemdum við það að ekki hafi verið farið að ákvörðuninni, áður en tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.



Í tölvubréfi Hringdu, dags. 19. maí 2011, var stofnuninni tilkynnt að óskað hafi verið eftir því við alla útsöluastaði Hringdu að fjarlægja kynningarefni með fullyrðingunni auk þess sem fullyrðingin yrði fjarlægð af heimasíðu félagsins síðar þann dag.

3.

Við skoðun Neytendastofu á vefsíðu Hringdu, callit.is, þann 1. júní 2011, kom í ljós að fullyrðinguna er enn að finna á heimasíðunni.

II.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur Hringdu ehf. ekki farið að banni Neytendastofu við notkun á fullyrðingunni „*The cheapest way to call global*“ sem fram kom í bréfi stofnunarinnar, dags. 24. janúar 2011. Í niðurlagi bréfsins segir:

„Í máli þessu hefur Hestaleit [nú Hringdu] ekki fær sönnur á fullyrðingunni „The cheapest way to call global“ sem fram kemur í kynningarefni og á vefsíðu félagsins.

Að mati Neytendastofu er fullyrðingin til þess fallin að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti enda er með henni með afdráttarlausum hætti fullyrt að ódýrast sé að nýta þjónustu Callit.is. Fullyrðingin felur í sér óbeina vísun til keppinauta og er því samanburðarauglýsing. Þar sem ekki hafa verið færðar sönnur fyrir fullyrðingunni telur stofnunin hana vera ósanngjarna gagnvart keppinautum Callit.is og fela í sér villandi samanburð.

Með birtingu fullyrðingarinnar „The cheapest way to call global“ hefur Hestaleit því brotið gegn ákvæðum 5. gr., 4. mgr. 6.gr., 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. 14. gr. og a. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 er Hestaleit hér með bönnuð birting fullyrðingarinnar „The cheapest way to call global“. Bannið tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu bréfs þessa. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“

Hringdu hefur hvorki kært til áfrýjunarnefndar neytendamála bannákvörðun Neytendastofu né ákvörðun stofnunarinnar um að hafna endurupptöku málsins.



Í tölvubréfi Hringdu, dags. 19. maí 2011, kom fram að fullyrðingin yrði fjarlægð úr öllu markaðsefni sem og af heimasíðu félagsins, callit.is, en við skoðun Neytendastofu á heimasíðunni kom í ljós að fullyrðingin er enn á forsíðu heimasíðunnar.

Í 23. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, segir:

„Ef ekki er farið að ákvörðun sem tekin hefur verið samkvæmt þessum lögum getur Neytendastofa ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að henni. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflega á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.“

Ljóst er að Hringdu hefur ekki farið að ákvörðun Neytendastofu, dags. 24. janúar 2011. Í ljósi málsatvika telur Neytendastofa nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila til að tryggja eðlilega viðskiptahætti og beita viðurlögum skv. 23. gr. laga nr. 57/2005. Verði ekki farið að ákvörðuninni innan fjórtán daga frá dagsetningu ákvörðunar þessarar þykir Neytendastofu hæfilegt, að teknu tilliti til meðalhófsreglu stjórnisýsluréttarins og jafnræðis við sektir í öðrum sambærilegum málum, að leggja á Hringdu dagsektir að fjárhæð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið verður að ákvörðun Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Hringdu ehf., Grensásvegi 22, Reykjavík hefur með því að nota enn fullyrðinguna „*The cheapest way to call global*“ í kynningarefni og á heimasíðunni callit.is brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 24. janúar 2011.

Hringdu ehf. skal innan fjórtán daga fjarlægja fullyrðinguna úr öllu kynningarefni, þar með talið af vefsíðunni callit.is. Verði það ekki gert mun Neytendastofa leggja dagsektir á Hringdu ehf., með heimild í 23. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Skal Hringdu ehf. frá þeim tíma greiða í ríkissjóð 50.000 kr. (fimmtíuþúsundkrónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðuninni.“

Neytendastofa, 3. júní 2011

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir